



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 23/2011

varðandi brot Nova á trúnaðarskyldum samkvæmt 26. gr. fjarskiptalaga

I.

Inngangur

Mál þetta varðar kvörtun Símans hf. (Síminn) vegna meintra brota Nova ehf. (Nova) á trúnaðarskyldum sínum með því að nota fjarskiptaumferðarupplýsingar í öðrum tilgangi en gert er ráð fyrir í 26. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og samtengissamningi félaganna. Nova safnaði saman upplýsingum um fjölda símtala úr þjónustuveri Símans í viðskiptavini Nova á hálfis árs tímabili og afhenti Samkeppniseftirlitinu (SE) sem innlegg í rannsókn stofnunarinnar á meintu broti Símans á samkeppnislögum. Nova hafði öðlast umræddar upplýsingar í tengslum við framkvæmd samtengissamnings félaganna. Að mati kvartanda hefði Nova með öllu verið óheimilt að vinna og nýta ofangreindar upplýsingar í umræddum tilgangi þar sem tilgangurinn með veitingu þeirra hafi aðeins verið sá að gera samtengingu fjarskiptaneta fyrirtækjanna mögulega, ásamt eftirfarandi greiðsluuppgjöri. Því hafi Nova verið óheimilt að vinna og afhenda SE umræddar upplýsingar.

II.

Málavextir

2.1 Kvörtun Símans, dags. 15. desember 2010

Með bréfi Símans til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 15. desember s.l., kvartaði Síminn yfir því að Nova hefði brotið gegn 26. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, 3. mgr. 9. gr. viðmiðunartilboðs Símans um samtengingu talsímaneta frá 1. júní 2009 (sem gilti sem samtengissamningur félaganna) og jafnræðiskvöðum þeim sem lagðar hefðu verið á Nova með ákvörðun PFS nr. 18/2010 (markaður 7). Vísaði Síminn til ákvörðunar PFS nr. 37/2010, þar sem komist hefði verið að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði brotið gegn 26. gr. fjarskiptalaga og 3. mgr. 9. gr. samtengissamnings Símans og Nova.

Meðfylgjandi kvörtun Símans var afrit af bréfi Nova til Samkeppniseftirlitsins (SE), dags. 16. nóvember 2010, sem hafði að geyma ábendingu um meinta ólögmeta háttsemi Símans í tengslum við mál sem var og er ennþá til meðferðar hjá SE og stofnunin tók bráðabirgðaákvörðun í þann 21. maí 2010. Ennfremur fylgdi afrit af bréfi SE til Símans, dags. 18. nóvember 2010, í tengslum við ofangreint mál og afrit af svarbréfi Símans, dags. 2. desember 2010.

Í ofangreindu bréfi Nova til SE kom m.a. fram að í umræddri bráðabirgðaákvörðun SE hefði stofnunin komist að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði brotið gegn 11. gr. samkeppnislaga með því að hafa með umfangsmiklum hætti misnotað fjarskiptaumferðarupplýsingar við úthringingar í viðskiptavini Nova. Þrátt fyrir yfirlýsingar Símans um að félagið hefði látið af umræddri háttsemi teldi Nova ljóst að svo væri ekki. Úthringingar Símans hefðu átt sér stað allt frá birtingu bráðabirgðaákvörðunarinnar og stæðu enn yfir. Sem dæmi um umfang úthringinga Símans benti Nova á að á 6 mánaða tímabili, frá maí-október 2010, hefðu tæp 40.000 símtöl verið hringd frá þjónustuveri Símans til viðskiptavina Nova, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal. Ekki væri hægt að horfa upp á að Síminn sniðgengi bráðabirgðaákvörðun SE óáreittur á meðan á rannsókn stæði. Tekið væri fram að Nova hefði ekki greint umrædd símtöl á nokkurn hátt, að öðru leyti en því að taka saman heildarfjölda símtals á dag, og væri þannig ekki kunnugt um í hvaða viðskiptavini Nova Síminn hefði hringt. Í ljósi ofangreinds teldi Nova eðlilegt að SE setti í væntanlegri ákvörðun sinni skýr tilmæli um að Síminn hegðaði sér eðlilega í þessum efnum.

SE veitti Símanum færi á að tjá sig um ofangreint bréf Nova. Í svarbréfi Símans, dags. 2. desember 2010, kom fram að félagið hefði lýst því yfir að notkun upplýsinganna hefði verið hætt. Á hinn bóginn hefði SE ekki bannað úthringingar sem slíkar. Síminn hefði ekki farið dult með að félagið starfrækti þjónustuver sem m.a. hringdi sölusímtöl í viðskiptavini keppinauta félagsins. Því færi þó fjarri að þau væru stunduð í því magni sem Nova héldi fram. Við úthringingar kæmu upplýsingar um farsímanotkun viðskiptavina keppinauta Símans hvergi nærri. Háttsemi Símans færi því ekki í bága við umrædda bráðabirgðaákvörðun. Ábending Nova byggði á samantekt á öllum símtölum sem hringd hefðu verið úr þjónustuveri Símans í viðskiptavini Nova. Gallinn við listann væri sá að hann aðgreindi ekki símtöl eftir því hvort þau væru þjónustusímtöl eða sölusímtöl. Ljóst mætti vera að umtalsverður fjöldi símtala Símans í viðskiptavini Nova væru vegna viðskiptasambands viðkomandi viðskiptavina við Símann um aðra þjónustu en þá sem Nova veitti. Úthringingar Símans væru almennar markaðsaðgerðir sem beindust ekki sérstaklega að Nova umfram aðra keppinauta félagsins.

Í ofangreindri kvörtun Símans til PFS kom fram að Nova hefði um nokkurt skeið stundað það að fylgjast sérstaklega með öllum símtölum Símans í viðskiptavini Nova á smásölustigi. Þegar höfð væri hliðsjón af forsendum ákvörðunar PFS nr. 37/2010 væri ljóst að miðlun upplýsinga sem til yrðu vegna samtengisamnings félaganna færu gegn tilvitnaðri 26. gr. fjarskiptalaga, 3. mgr. 9. gr. samtengisamnings félaganna auk þess að

brjóta gegn jafnræðisreglu í ákvörðun PFS nr. 18/2010 sem bannaði Nova afhendingu upplýsinga um viðskipti við önnur fyrirtæki um lúkningu símtala, þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækisins. Þar sem PFS hefði í ofangreindri ákvörðun tjáð sig með ítarlegum hætti um inntak 26. gr. fjarskiptalaga og 3. mgr. 9. gr. samtengingarsamnings félaganna og viðhaft þrönga skilgreiningu á miðlun fjarskiptaumferðarupplýsinga milli deilda fyrirtækis teldi Síminn að svo stöddu ekki ástæðu til að koma á framfæri ítarlegum rökstuðningi. Rökstuðning fyrir kröfu Símans væri í raun að finna í tilvitnaðri ákvörðun stofnunarinnar og málatilbúnaði Nova undir rekstri þess máls. Í öllu falli væri ljóst að Nova hefði notað upplýsingarnar í öðrum tilgangi en félaginu var heimilt og því um augljóst brot gegn 26. gr. fjarskiptalaga að ræða. Hefði Nova notað aðstöðu sína til að fylgjast sérstaklega með starfsemi Símans sem rúmaðist engan veginn innan ramma hins tilvitnaða ákvæðis.

Því gerði Síminn þá kröfu að PFS kæmist að þeirri niðurstöðu að Nova hefði brotið gegn 26. gr. fjarskiptalaga, 3. mgr. 9. gr. viðmiðunartilboðs Símans um samtengingu talsímaneta frá 1. júní 2009, og jafnræðiskvöð þeirri sem lögð var á Nova með ákvörðun PFS nr. 18/2010. Jafnframt væri þess krafist að PFS framkvæmdi úttekt á samskiptum heildsölu og smásölu Nova með sambærilegum hætti og mælt væri fyrir um gagnvart Símanum í ákvörðunar PFS nr. 37/2010. Loks færi Síminn þess á leit að PFS upplýsti hvort Nova hefði sett sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði 7. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga.

2.2 Andmæli Nova, dags. 5. janúar 2011

Með bréfi Lex lögmannsstofu til PFS, dags. 5. janúar s.l., barst svar Nova við ofangreindri kvörtun Símans. Nova hafnaði því alfarið að félagið hefði með nokkrum hætti brotið gegn trúnaðarskyldum sínum. Samantekt Nova á umræddum upplýsingum gæti ekki á nokkurn hátt falið í sér brot á þann hátt sem Síminn fullyrti, heldur væri hún einfaldlega tilkomin til þess að veita SE upplýsingar sem beinlínis vörðuðu háttsemi Símans og féllu undir það mál sem þar væri til rannsóknar. Samantekt upplýsinganna varðaði ekki á neinn hátt misnotkun á umferðarupplýsingum til annarra deilda innan Nova líkt og Síminn héldi fram. Um væri að ræða samantekt heildarmagns hringinga úr þjónustuveri Símans yfir tiltekið tímabil í viðskiptavini Nova. Upplýsingarnar hefðu ekki verið greindar með neinum hætti, t.d. að því er varðaði í hvaða viðskiptavini Nova hringt hefði verið í. Þá hefði upplýsingunum ekki verið beitt með neinu móti eða miðlað til neins, að undanskildu SE. Nova fengi því ekki séð að samantekt upplýsinganna og afhending þeirra til SE gæti falið í sér þau brot sem Síminn héldi fram.

Síminn staðhæfði að Nova hefði um nokkurt skeið stundað það að fylgjast sérstaklega með öllum símtölum Símans í viðskiptavini Nova á smásölustigi. Framsetning Símans hvað þetta varðaði væri með þeim hætti að Nova ástundaði það reglulega að fylgjast með allri úthringistarfsemi Símans, jafnvel þannig að fylgst væri með því í hverja Síminn hringdi. Þessar fullyrðingar Símans væru einfaldlega rangar og væri þeim mótmælt sem slíkum. Umræddar upplýsingar hefðu verið teknar saman í tengslum við mál sem væri til meðferðar hjá SE gagnvart Símanum. Upplýsingarnar hefðu verið teknar saman í kjölfar þess að sífellt fleiri viðskiptavinir Nova hefðu upplýst félagið um símtöl frá þjónustuveri

Símans þar sem þess hefði verið freistað að fá viðkomandi í viðskipti við Símann. Í ljósi bráðabirgðaákvörðunar SE hefði Nova talið rétt að upplýsa þá stofnun um að Síminn stundaði enn afar umfangsmiklar úthringingar í viðskiptavini Nova. Máli sínu til stuðnings hefði Nova látið taka saman umræddan lista. Nova ítrekaði að upplýsingarnar hefðu ekki verið greindar á nokkurn hátt. Um væri að ræða einfalda samantekt á heildarmagni hringinga frá þjónustuveri Símans í viðskiptavini Nova. Í bréfi Símans til SE væri þetta raunar tekið fram og talað um „galla“ á listanum þar sem hann aðgreindi ekki símtöl. Síminn minntist hins vegar ekki einu orði á umræddan „galla“ í kvörtun sinni til PFS. Það væri því rangt að Nova fylgdist reglulega og sérstaklega með úthringingum Símans. Nova ástundaði enga sértæka vinnslu umferðargagna utan við almennt uppgjör samtengiumferðar. Þær upplýsingar sem hér um ræddi væru eingöngu teknar saman fyrir SE í tengslum við hina óeðlilegu háttsemi Símans.

Í bráðabirgðaákvörðun SE hefði stofnunin beint því til neytenda á fjarskiptamarkaði að gera viðvart ef þeir teldu Símann ástunda óeðlilega sölumennsku í úthringisímtölum. Viðskiptavinir Nova hefðu upplýst félagið um slík símtöl í miklu magni og telja yrði skiljanlegt að neytendur snéru sér til eigin fjarskiptafélags með slíkar athugasemdir fremur en eftirlitsstofnana. Við þessu hefði Nova brugðist með því að gera SE viðvart. Samantektin hefði verið unnin af einum starfsmanni Nova á tæknisviði og hefði verið afhent tveimur framkvæmdastjórum félagsins, lögmanni þess og SE. Gögnin væru trúnaðargögn og hefðu ekki og myndu ekki verða afhent öðrum deildum Nova eða þriðja aðila sem kynni að misfara með upplýsingarnar. Tilgangur 26. gr. fjarskiptalaga gæti ekki verið sá að koma í veg fyrir að opinber eftirlitsstofnun fengi í hendur upplýsingar sem teknar væru saman eingöngu fyrir viðkomandi stofnun í tengslum við mál sem þar væru til meðferðar.

Bent væri á að samantekt Nova fyrir SE hefði á engan hátt verið sambærileg þeirri háttsemi Símans sem leitt hefði til ákvörðunar PFS nr. 37/2010. Í því máli hefði legið ljóst fyrir að heildsala Símans hefði í markaðslegum tilgangi miðlað umferðarupplýsingum sem félagið hefði öðlast vegna framkvæmdar á samtengisamningi félaganna til smásölu félagsins. Um hefði verið að ræða sundurgreinanlegar upplýsingar um mörg þúsund viðskiptavini annarra fjarskiptafyrirtækja, símanúmer þeirra, nöfn, kennitölur, heimilisföng, starfsheiti, upplýsingar um fjölda símtala hvers og eins, lengd í sekúndum og lengd meðalsímtals. Ennfremur hefði verið óumdeilt í því máli að umræddar upplýsingar hefðu verið nýttar af smásölu Símans í markaðslegum tilgangi. Sérstaklega hefði verið tekið fram af hálfu PFS að með því að afhenda umræddar umferðarupplýsingar frá heildsölu til smásölu félagsins með það fyrir augum að nota þær í markaðslegum tilgangi, hefði Síminn brotið gegn 26. gr. fjarskiptalaga, viðmiðunartilboði félagsins og eldri ákvörðunum PFS.

Í því máli sem hér um ræddi væri *ekki* um það að ræða að upplýsingarnar væru sundurgreinanlegar, þær vörðuðu *ekki* viðskiptavini annarra fjarskiptafyrirtækja en Nova, þeim hefði *ekki* verið miðlað til annarra deilda innan Nova og síðast en ekki síst hefðu upplýsingarnar *ekki* verið notaðar á neitt hátt, utan afhendingar til SE. Því hafnaði Nova

málatilbúnaði Símans og vísaði því á bug að félagið hefði gerst brotlegt við ákvæði fjarskiptalaga, samtengissamnings félaganna eða jafnræðiskvöð PFS. Nova teldi rétt að PFS léti málið þegar niður falla. Nova hafnaði jafnframt öllum kröfum Símans, enda ljóst að mál þetta fjallaði ekki á nokkurn hátt um samskipti smásölu og heildsölu Nova og að engin trúnaðargögn hefðu fari á milli deilda líkt og Síminn léti að liggja.

2.3 Bréf Símans til PFS, dags. 28. janúar 2011

PFS veitti Símanum færi á að tjá sig um framangreind andmæli Nova. Í svarbréfi Símans, dags. 28. janúar s.l., kom fram að Síminn gæti ekki fallist á ástæður Nova fyrir að taka saman umræddan lista. Í bráðabirgðaákvörðun SE hefði komið fram að Síminn hefði hætt notkun á úthringilista þeim sem SE hefði gert athugasemdir við. Jafnframt hefði SE beint því til viðskiptavina keppinauta Símans að tilkynna eftirlitinu hið fyrsta að ef þeir fengju tilboð frá Símanum sem virtust byggja á upplýsingum um farsímanotkun þeirra. Í stað þess að beina viðskiptavinum sínum til SE hefði Nova upp á sitt einsdæmi tekið að afla gagna með ólögmatum hætti. Hafa yrði í huga að SE hefði þau rannsóknarræði sem til þyrfti til að afla þeirra upplýsinga sem Nova hefði aflað upp á eigin spýtur. Nova hefði því tekið sér rannsóknarvald og aflað upplýsinga sem SE hefði átt að afla sjálfst ef það hefði talið ástæðu til við meðferð stjórnslumáls. Um hefði verið að ræða upplýsingagjöf að frumkvæði Nova en ekki að beiðni SE. Sá listi sem Nova hefði afhent SE hefði að geyma upplýsingar um öll símtöl úr þjónustuveri Símans til viðskiptavina Nova í farsímaþjónustu. Nákvæmlega ekkert í þeim gögnum gæfi minnstu vísbendingu um að Síminn hefði gert viðskiptavinum félagsins tilboð sem virtust byggja á farsímanotkun þeirra. Háttsemi Nova gæti því á engan hátt réttlæst af þeim sjónarmiðum.

Umrædd vinnsla Nova og vinnsla Símans við gerð úthringilista þeirra sem um hefði verið fjallað í ákvörðun PFS nr. 37/2010 væri að nokkru sambærileg. Í tilviki Símans hefði heildarnotkun viðskiptavina annarra farsímafyrirtækja sem hringdu í farsímanet Símans verið skoðuð. Í tilviki Nova væri hins vegar um að ræða heildarnotkun Símans í viðskiptavini Nova. Í báðum tilvikum hefðu upplýsingarnar því náð til heildarnotkunar þess sem hringdi í símsstöðvar Nova eða Símans, en ekki til þess í hvern hefði verið hringt.

Af málflutningi Nova undir rekstri máls nr. 37/2010 mætti ráða að félagið væri nú í mikilli mótsögn við sjálfst sig. Þannig væri sjónarmiðum félagsins lýst á tveimur stöðum á bls. 21 í ofangreindri ákvörðun PFS:

„Nova teldi augljóst af framangreindu orðalagi að trúnaðarskyldan sem felist í ákvæðinu næði yfir umrædd grunnkögn sem yrðu til við samtengingu neta. Um væri að ræða upplýsingar sem fjarskiptafyrirtæki öðlaðist frá öðru fyrirtæki í tengslum við samtengissamning en sá samningur væri ástæða þess að fjarskiptafyrirtæki byggi yfir umræddum upplýsingum.“

„Í aðgangstilskipun ESB kæmi framangreindur skilningur Nova enn skýrar fram. Þar kæmi m.a. fram að fyrirtæki sem fengju upplýsingar frá öðru fyrirtæki um fyrirkomulag aðgangs eða samtengingar áður en, á meðan, eða eftir að samið væri, skyldu aðeins nota

Þessar upplýsingar í þeim tilgangi sem þær voru veittar til og undantekningarlaust virða leynd þeirra.

Ljóst mætti vera að háttsemi Nova félli undir 26. gr. fjarskiptalaga. Þannig væru CDR gögn úr símstöð Nova eina samskiptalagið sem gerði félaginu kleift að vinna þær upplýsingar sem um ræddi. Þegar af þeirri ástæðu féllu upplýsingarnar undir 26. gr. fjarskiptalaga og þær kvaðir sem lagðar hefðu verið á Nova, sbr. umfjöllun á bls. 30 í ákvörðun PFS nr. 37/2010. Þar kæmi fram að samtenging kerfa Símans við kerfi annarra fjarskiptafyrirtækja væri eina samskiptalagið sem færði félaginu umræddar upplýsingar.

Eins og fram kæmi í bréfi Símans til SE, dags. 2. desember 2010, væru símtöl ekki flokkuð í umræddum lista Nova eftir því hvort um sölusímtöl væri að ræða eða þjónustusímtöl sem tengdust Nova á engan hátt. Sem dæmi um það væru símtöl sem hringd væru í viðskiptavin vegna talsíma-, ADSL-, internet- eða sjónvarpsþjónustu. Með öðrum orðum næði upplýsingaöflun Nova einnig til samskipta sem tengdust starfsemi Nova á engan hátt heldur væri um að ræða samskipti Símans við sína eigin viðskiptavini í fjölmörgum af þeim tilvikum sem Nova listaði upp. Vinnsla upplýsinga með þeim hætti féllu utan þess sem heimilað væri í 26. gr. fjarskiptalaga, auk þess að brjóta gegn 9. gr. samtengisamnings félaganna og ákvörðun PFS nr. 18/2010. Síminn hefði engar forsendur til að meta hvort Nova hefði unnið frekar úr upplýsingunum eða stundað aðra upplýsingaöflun sem ekki hefði verið upplýst um.

Síminn teldi að Nova hefði brotið gegn framangreindum skyldum. Annars vegar væri um það að ræða að upplýsingar sem til hefðu orðið vegna samtengisamningsins hefðu verið notaðar í öðrum tilgangi en þær væru veittar og ekki að því marki sem nauðsynlegt væri við framkvæmd hans. Sölusímtöl Símans í viðskiptavini keppinauta félagsins væru viðskiptaleyndarmál Símans sem Nova ætti ekki að hafa upplýsingar um. Það sama ætti við um önnur þjónustusímtöl í viðskiptavini Símans sem væru með aðra þjónustu en farsímaþjónustu hjá Símanum. Í báðum tilvikum væri um að ræða gróf brot á trúnaðarskyldum gagnvart Símanum þar sem Nova hefði aflað sér trúnaðarupplýsinga um starfsemi Símans í heimildarleysi.

Hvað varðaði brot Nova á trúnaðarskyldum sem fælist í því að miðla fjarskiptaumferðarupplýsingum milli deilda félagsins lægi fyrir að kveikjan að upplýsingaöflun félagsins hefði orðið vegna samskipta Nova við viðskiptavini sína á smásölustigi. Telja yrði afar hæpið að kvörtun til SE hefði verið gerð af heildsölu félagsins þar sem það væri smásöluhluti Nova sem ætti í viðskiptasambandi við þá viðskiptavini sem Nova héldi fram að hringt hefði verið í. Auk þess fengi Síminn ekki séð að sérstök aðgreining væri á milli heildsölu og smásölu Nova. Yrði því að líta svo á að annað hvort lægju upplýsingarnar í sömu deild sem tilheyrði smásölu félagsins eða þá að þeim hefði verið miðlað á milli deilda.

Í ákvörðun PFS nr. 37/2010 hefði PFS lagt ríka áherslu á hversu mikilvægt væri að virða ákvæði 26. gr. fjarskiptalaga og 9. gr. samtengisamnings félaganna. Öll frávik frá trúnaðarskyldum þyrfti að skýra þröngt. Byggt á skýringu PFS væri ljóst að Nova hefði

brotið gegn tilvitnuðum ákvæðum. Það gæfi auga leið að upplýsingar um úthringingar Símans væru upplýsingar sem Síminn kysi að halda leyndum vegna viðskiptahagsmuna. Notkun Nova á fjarskiptaumferðarupplýsingum með þeim hætti sem gert hefði verið við vinnslu innhringilista í kerfi félagsins væri notkun á fjarskiptaumferðarupplýsingum í öðrum tilgangi en heimiluð væri í 26. gr. fjarskiptalaga og 9. gr. samtengissamnings Símans og Nova. Yrði að ætlast til þess að stofnunin tæki brot Nova á trúnaðarskyldum föstum tókum. Síminn ítrekaði því kröfur sínar sem fram komu í kvörtun félagsins til PFS. Til viðbótar væri gerð sú krafa að PFS mælti fyrir um skyldu Nova til að eyða öllum gögnum um fjarskiptaumferð sem safnað hefði verið um símtöl úr þjónustuveri Símans í símanúmer í farsímaneti Nova.

2.4 Svar Nova, dags. 14. febrúar 2011

PFS veitti Nova færi á að tjá sig um framangreindar athugasemdir Símans. Með bréfi Lex lögmannsstofu, f.h. Nova, til PFS, dags. 14. febrúar s.l., bárust athugasemdir Nova. Í öllum meginatriðum vísaði félagið til fyrri athugasemda og sjónarmiða félagsins en óskaði þó eftir að koma á framfæri frekari athugasemdum og skýringum. Fram kom að það væri fráleitt að halda því fram að Nova hefði „um margra mánaða skeið“ stundað einhvers konar víðtækar og umfangsmiklar njósnir um hringingar úr þjónustuveri Símans í viðskiptavini Nova. Um hefði verið að ræða samantekt heildarmagns hringinga úr þjónustuveri Símans yfir tiltekið tímabil í viðskiptavini Nova, tekið saman í þeim eina tilgangi að upplýsa SE um háttsemi sem framkvæmdastjórar Nova töldu hvorki í samræmi við samkeppnislög né bráðabirgðaákvörðun SE.

Síminn héldi því fram að umrædd samantekt Nova og hin ólögmeta vinna Símans við gerð úthringilista samkvæmt ákvörðun PFS nr. 37/2010 væri „að nokkru leyti sambærileg.“ Nova mótmælti því harðlega að vinnsla félagsins á umræddum lista og hin ólögmeta vinnsla Símans á úthringilista þeim sem fjallað væri um í ákvörðun PFS nr. 37/2010 væri „að nokkru leyti sambærileg“ og vísaði til fyrri bréfs síns til PFS þar sem rökstutt hefði verið að háttsemin væri þvert á móti afar ósambærileg.

Að lokum vísaði Nova á bug þeim málatilbúnaði Símans að umræddum upplýsingum hefði verið miðlað milli deilda Nova eða að þær lögju í þeirri deild Nova sem tilheyrði smásölu félagsins. Það væri ítrekað að samantektin hefði verið unnin af einum starfsmanni Nova á tæknisviði, afhent tveimur framkvæmdastjórum félagsins, lögmanni þess og SE. Það væri alrangt að upplýsingunum hefði verið miðlað til smásöludeildar Nova. Þannig vísað Nova því alfarið á bug að félagið hefði með nokkrum hætti gerst brotlegt við ákvæði fjarskiptalaga, samtengissamning félaganna eða jafnræðiskvöð PFS.

2.5 Sáttafundur PFS með Símanum og Nova, dags. 30. mars 2011

Þann 30. mars s.l. hélt PFS sáttafund með fulltrúum Símans og Nova í samræmi við 9. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Sáttir náðust ekki og héldu málsaðilar fast við fyrri kröfur sínar og sjónarmið. Á fundinum kom fram að ágreiningslaust væri að samantekt Nova á umræddum lista hefði verið unninn úr samtengigögnum (CDR

gögnum) og að það hefði verið gert að eigin frumkvæði félagsins en ekki að beiðni SE. Þá kom fram að ekki væri aðskilnaður á milli heildsölu og smásölu hjá Nova, enda engar kvaðir á félaginu um slíkt.

Lögmaður Nova taldi mikilvægt að verndarhagsmunirnir í máli þessu yrðu hafðir í huga. Vinnsla umrædds lista hefði hvorki brotið gegn samkeppnislegum né persónuverndarlegum verndarhagsmunum. Brot Símans hefði framkallað umrædda aðgerð Nova, auk þess sem SE væri bundið trúnaði varðandi umrædd gögn og gætu þau nýst í rannsókn þeirrar stofnunar á háttsemi Símans. Að lokum hefði Síminn ekki lögvarða hagsmuni af því að gögn þessi kæmu ekki fram. Lögmaður Símans velti því fyrir sér hvort háttsemi Nova fæli ekki í sér iðnaðarnjósir, þar sem Nova hefði fylgst með úthringistarfsemi keppinautar síns.

III.

Forsendur og niðurstaða

3.1 Inngangur

Mál þetta varðar eins og áður segir kvörtun Símans vegna meintra brota Nova á trúnaðarskyldum sínum með því að nota fjarskiptaumferðarupplýsingar í öðrum tilgangi en gert er ráð fyrir í 26. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og samtengisamningi félaganna. Nova safnaði saman upplýsingum um fjölda símtala úr þjónustuveri Símans í viðskiptavini Nova á hálfis árs tímabili og afhendi SE sem innlegg í rannsókn stofnunarinnar á meintu broti Símans á samkeppnislögum. Nova hafði öðlast umræddar upplýsingar í tengslum við framkvæmd samtengisamnings félaganna. Að mati kvartanda hafi Nova með öllu verið óheimilt að vinna og nýta ofangreindar upplýsingar í umræddum tilgangi þar sem tilgangurinn með veitingu þeirra hafi aðeins verið sá að gera samtengingu á heildsölustigi mögulega, ásamt eftirfarandi greiðsluuppgjöri. Því hafi Nova verið óheimilt að vinna og veita SE aðgang að umræddum upplýsingum.

Síminn krefst þess enn fremur að PFS geri úttekt á samskiptum heildsölu og smásölu hjá Nova og hlutist til um að félagið geri verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna. Að lokum að PFS skyldi Nota til að eyða öllum gögnum um fjarskiptaumferð sem safnað hefur verið um símtöl úr þjónustuveri Símans í símanúmer í farsímaneti Nova.

3.2 Meðferð Nova á trúnaðarupplýsingum

Í 26. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 getur að líta ákvæði sem lýtur að innbyrðis samskiptum fjarskiptafyrirtækja og meðferð þeirra á trúnaðarupplýsingum sem þau öðlast við gerð eða framkvæmd samninga um aðgang eða samtengingu. Ákvæðið hljóðar svo:

„Fjarskiptafyrirtæki sem öðlast upplýsingar frá öðru fyrirtæki við gerð samninga um aðgang eða samtengingu eða að loknum samningum skulu eingöngu nota upplýsingarnar í þeim tilgangi sem þær voru veittar og skulu á öllum stigum halda trúnað. Óheimilt er að

afhenda upplýsingarnar öðrum, þar á meðal öðrum deildum fyrirtækis, dótturfyrirtækjum eða samstarfsaðilum.“

Í frumvarpsathugasemdom við ofangreint ákvæði segir að með greininni séu settar takmarkanir á meðferð upplýsinga sem fjarskiptafyrirtæki skiptast á þegar samið er um aðgang eða samtengingu. Óumflýjanlegt væri í mörgum tilfellum að fyrirtæki þyrftu að gefa viðsemjanda sínum einhverjar upplýsingar sem þau myndu að öllu jöfnu kjósa að halda leyndum vegna viðskiptahagsmuna. Sérstaklega væri gert ráð fyrir að þessar upplýsingar bærust ekki til annarra deilda fjarskiptafyrirtækis en þeirra sem á þeim þyrftu að halda í þeim tilgangi að koma á samningi eða efna gerðan samning. Fyrirmynd 26. gr. fjarskiptalaga er að finna í 3. tölul. 4. gr. aðgangstilskipunar ESB 2002/19/EB. Í 1. tölul. greinarinnar er kveðið á um réttindi og skyldur fjarskiptafyrirtækja til að gera samtengisamninga sín á milli. Kveðið er á um slík réttindi og slíkar skyldur til samtengingar í 24. gr. fjarskiptalaga. Í 3. tölul. aðgangsorða framangreindrar tilskipunar segir svo að aðildarríkin skuli krefjast þess að fjarskiptafyrirtæki sem fá upplýsingar frá öðrum fjarskiptafyrirtækjum áður en, á meðan eða eftir að samið er um fyrirkomulag vegna aðgangs eða samtengingar noti upplýsingarnar einungis í þeim tilgangi sem þær voru veittar til og virði *undantekningarlaust* leynd þeirra upplýsinga sem voru sendar eða geymdar.

Í júlí 2010 útnefndi PFS Nova með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir lúkningu símtala í farsímaneti félagsins í kjölfar markaðsgreiningar, sbr. ákvörðun PFS nr. 18/2010. Í umræddri ákvörðun var m.a. lögð kvöð á félagið um jafnræði. Þar var jafnræðiskvöðin útfærð á þann hátt að Nova skyldi haga starfsemi sinni með þeim hætti að meðferð upplýsinga sem fram kæmu við gerð og framkvæmd samtengisamninga væri í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga og að óheimilt væri að afhenda öðrum upplýsingar um viðskipti við önnur fyrirtæki um lúkningu símtala, þ.á.m. öðrum deildum fyrirtækisins.

Núgildandi viðmiðunartilboð Símans um samtengingu talsímaneta er frá 1. júní 2009 en samkvæmt grein 1.3.2 leysti það eldri viðmiðunartilboð og samtengingarsamninga Símans við önnur fjarskiptafyrirtæki af hólmi, m.a. samtengisamning Símans og Nova. Í 5. gr. er fjallað um uppgjör milli aðila, útskrift reikninga og greiðslur. Heildartími á hverju uppgjörstímabili reiknast sem summan af skráðum umferðarsekúndum allra símtala sem innheimt er fyrir og er mælingin nauðsynlegur grundvöllur reikningafærslu samningsaðila. Samningsaðilar skulu senda skýrslur um forsendur reikningsfærslunnar strax að loknu uppgjörstímabili. Reikningaútskrift fyrir samtengingarumferð skal byggð á skýrslum og mælingum á samtengingarumferð frá viðkomandi samningsaðila og skulu skýrslur um forsendur reikningafærslunnar fylgja sendum reikningum. Í 9. gr. viðmiðunartilboðsins er síðan að finna eftirfarandi ákvæði um þagnarskyldu:

„Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa móttækið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafi af broti á ákvæði þessu.

Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.“

Gögn málsins gefa til kynna að Nova hafi safnað saman upplýsingum um fjölda símtala úr þjónustuveri Símans í viðskiptavini Nova á tímabilinu 1. maí til 31. október 2010. Listinn var sundurliðaður eftir dögum á umræddu tímabili, ásamt því sem fram kemur hlutfall svaraðra og ósvaraðra símtala. Hins vegar var listinn ekki persónugreinanlegur. Tilgangur vinnslu umrædds lista var að afhenda SE gögn um meint brot Símans á bráðabirgðaákvörðun SE nr. 2/2010, þ.e. að freista þess að sýna fram á að Síminn hefði ekki látið af hringingum í viðskiptavini Nova samkvæmt úthringilista sem SE taldi líkur á að væri ólögmatúr.

Að mati PFS er um að ræða nokkuð yfirgripsmiklar aðgerðir af hálfu Nova. Það er ennfremur mat PFS að þær upplýsingar sem lágu til grundvallar ofangreindum lista falli að þeim skilgreiningum á upplýsingum sem njóta eiga trúnaðar og aflað er í tengslum við framkvæmd samtengissamninga í 5. gr. ofangreinds viðmiðunartilboðs Símans, sbr. sömu grein samtengissamnings Símans og Nova. Samtenging kerfa Nova við kerfi annarra fjarskiptafyrirtækja er eina samskiptalagið sem færir félaginu umræddar upplýsingar. Því er um að ræða upplýsingar sem verða til á *heildsölustigi* í starfsemi fjarskiptafyrirtækja. Samkvæmt ofangreindri ákvörðun PFS nr. 18/2010 bar Nova að haga starfsemi sinni með þeim hætti að meðferð upplýsinga sem fram koma við gerð og framkvæmd samtengissamninga væri í samræmi við 26. gr. fjarskiptalaga. Óheimilt væri að afhenda öðrum upplýsingar um lúkningu símtala, þ.m.t. SE nema í kjölfar beiðni þeirrar stofnunar um afhendingu gagna í samræmi við samkeppnislög. PFS telur ljóst að Nova hafi ekki farið að ákvörðuninni að þessu leyti. Eingöngu ber að nota slíkar upplýsingar í þeim tilgangi sem þær voru veittar og skulu fjarskiptafyrirtæki sem fá slíkar upplýsingar á öllum stigum halda trúnað.

Eins og fram hefur komið hér að framan setur ákvæði 26. gr. fjarskiptalaga fjarskiptafyrirtækjum verulegar takmarkanir varðandi meðferð upplýsinga sem fjarskiptafyrirtæki skiptast í tengslum við samtengingu. Verður að telja slíka takmörkun eðlilega og í raun nauðsynlega forsendu fyrir veitingu samtengingar, en samtenging telst til einnar meginstoða fjarskiptaréttarins. Því er gríðarlega mikilvægt fyrir fjarskiptamarkaðinn að með slíkar upplýsingar sé farið sem fullkomið trúnaðarmál milli fyrirtækja og að slíkar upplýsingar séu ekki nýttar af fjarskiptafyrirtækjum í öðrum tilgangi en þær voru veittar til, þ.m.t. að afla sér trúnaðarupplýsinga um markaðsstarfsemi keppinauta í heimildarleysi.

Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. ofangreinds viðmiðunartilboðs Símans, sbr. sömu grein samtengissamnings félaganna, skulu aðrar upplýsingar en þær sem ætla megi að séu eða verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar njóta slíks trúnaðar. Ljóst er að framangreind undanþága, sem eðlilegt er að túlka þröngt, á ekki við um þær upplýsingar sem um er fjallað í máli þessu. Slíkar upplýsingar eru að sjálfsögðu ekki á allra vitorði eða öllum aðgengilegar.

PFS hafnar einnig þeim málalíbúnaði Nova að þær umferðarupplýsingar sem uppruna sinn eiga í heildsölu Nova vegna framkvæmdar á samtengisamningum og notaðar voru til að vinna umrædda lista eigi ekki undir ofangreind ákvæði 26. gr. fjarskiptalaga eða 9. gr. ofangreinds viðmiðunartilboðs og samtengisamnings félaganna. Með slíkri túlkun væri vegið að þeim verndarhagsmunum sem tilvitnað ákvæði á að tryggja, þ.e. að fjarskiptafyrirtæki nýti sér ekki þá aðstöðu til ávinnings að búa yfir upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna uppgjörs á samtengiumferð.

Að ofangreindu virtu er ljóst að umræddar umferðarupplýsingar sem uppruna eiga að rekja til framkvæmdar Nova á samtengisamningi við Símann tilheyra heildsölu- eða tæknisviði fyrirtækisins. Nova ber að haga innri starfsemi sinni þannig að slíkar upplýsingar berist ekki til annarra skipulagseininga fyrirtækisins nema brýna nauðsyn beri til. Ef nota þarf slíkar upplýsingar, t.d. til að greina tæknibílanir og villur í fjarskiptasendingu, afstemma reikninga, sundurliða reikninga viðskiptavina Nova eða rekja og/eða fyrirbyggja svikastarfsemi ber Nova að haga innra skipulagi sínu með þeim hætti að slíkt fari fyrst og fremst fram innan heildsölu eða tæknisviðs félagsins. Reynist nauðsynlegt að miðla smásöluinni eða öðrum skipulagseiningum upplýsingum til tiltekinnar afmarkaðra verkefna, sem eðlilegt er að unnin séu innan umræddra eininga, ber að haga henni með þeim hætti að einungis þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að leysa slík verkefni af hólmi sé miðlað og að þeim sé eytt um leið og slíkum verkefnum er lokið. PFS tekur þó fram að ekkert í málinu bendir til þess að Nova hafi notað umræddar upplýsingar í öðrum tilgangi en þeim sem fyrirtækið hefur gert grein fyrir.

Samkvæmt öllu ofangreindu hefur Nova brotið gegn ofangreindri 26. gr. fjarskiptalaga með því að nota umræddar umferðarupplýsingar í öðrum tilgangi en þær voru fengnar, þ.e. með afhendingu þeirra til SE sem innlegg í rannsókn þeirrar stofnunar á háttsemi Símans í öðru máli. Með sömu háttsemi hefur Nova brotið gegn 3. mgr. 9. gr. viðmiðunartilboðs Símans um samtengingu talsímaneta frá 1. júní 2009 sem gildir sem samtengisamningur milli Símans og Nova og jafnræðiskvöð þeirri sem lögð var á Nova í ofangreindri ákvörðun PFS nr. 18/2010. Telja verður að því aðeins hefði mátt afhenda upplýsingarnar til SE, í þeim tilgangi sem hér um ræðir, ef sú stofnun hefði óskað eftir þeim á grundvelli viðeigandi lagaheimilda sinna.

3.3 Vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkaréttar

Í IX. kafla fjarskiptalaga nr. 81/2003 er fjallað um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Ákvæði 42. gr. fjallar um svokölluð *umferðargögn*, þ.e. geymslu, vinnslu og aðra meðhöndlun þeirra. Í frumvarpsathugasemdum kom fram að umræddur kafli um vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs væri að mestu nýr og saminn með hliðsjón af tilskipun ESB um sama efni (2002/58/EB). Í 1. mgr. 42. gr. væri gerð krafa um eyðingu gagna um fjarskiptaumferð áskrifenda og notenda eftir að þeirra væri ekki lengur þörf við stýringu og afgreiðslu fjarskiptanna. Við sendingu hvers konar fjarskipta yrðu til í netum og stoðkerfum ýmsar upplýsingar, t.d. um leiðir sem valdar hefðu verið fyrir sambandið hverju sinni, lengd fjarskipta, tímasetningu og magn. Ekki væri nauðsynlegt að geyma öll þessi gögn eftir að sambandið hefði verið rofið. Í 2. mgr. væri heimild til

Þess að geyma þann hluta gagnanna sem nauðsynlegur væri fyrir gerð reikninga og gildi heimildin til þess tíma þegar reikningur yrði ekki lengur vefengdur eða hann fyrndist. Hið sama gildi um upplýsingar sem vörðuðu uppgjör fyrir samtengingu neta og þjónustu.

Ákvæði 7. mgr. 42. gr. bættist við fjarskiptalög nr. 81/2003 með lögum nr. 78/2005. Ákvæðið hljóðar svo:

„Fjarskiptafyrirtæki skulu setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði þessarar greinar og skilyrði sem Persónuvernd kann að setja.“

Eins og fram kemur hér að ofan var ákvæði því sem nú er 7. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga bætt við lögina með 7. gr. laga nr. 78/2005. Ákvæðið sem fjallar um að fjarskiptafyrirtæki skuli setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði greinarinnar og skilyrði sem Persónuvernd kynni að setja var nýmæli og í samræmi við athugasemdir m.a. Persónuverndar um meðferð og eyðingu gagna í vörslum fjarskiptafyrirtækjanna. Ákvæðið kveður því á um skyldu fjarskiptafyrirtækjanna til að setja sér umræddar verklagsreglur. Nova skal því setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði 42. gr. fjarskiptalaga og skilyrði sem Persónuvernd kann að setja, hafi félagið ekki nú þegar gert slíkar reglur. Reglurnar skulu bornar undir PFS til samþykktar eigi síðar en 1. október 2011.

3.4 Úrbætur

Að mati PFS er gríðarlega mikilvægt fyrir örugga, skilvirka og hagkvæma tilhögun fjarskiptamarkaðarins að ákvæði 26. gr. fjarskiptalaga um samskipti fjarskiptafyrirtækja og meðferð þeirra á trúnaðarupplýsingum sem streyma á milli þeirra vegna aðgangs og samtengingar sé virt í hvívetna af öllum markaðsaðilum. Frávik frá því geta haft slæmar afleiðingar í för með sér fyrir samkeppni og framþróun á fjarskiptamarkaði og skapað skaðlegt vantraust á milli aðila. Lítur PFS þá háttsemi Nova að fara á svig við skýrt ákvæði 26. gr. fjarskiptalaga nokkuð alvarlegum augum. Hins vegar er brot Nova mun viðurhlutaminnna en brot Símans sem fjallað var um í ákvörðun PFS nr. 37/2011, þar sem Síminn notaði upplýsingarnar í markaðslegum tilgangi í stórum stíl. Brot Nova felur t.a.m. ekki í sér að upplýsingarnar væru persónugreinanlegar, þær vörðuðu ekki viðskiptavinum annarra fjarskiptafyrirtækja og virðast ekki hafa verið notaðar á annan hátt en að afhenda SE, né var þeim miðlað með óeðlilegum hætti innanhúss. Engu að síður er mikilvægt að misnotkun fjarskiptaumferðargagna af hendi Nova endurtaki sig ekki í framtíðinni.

Nova skal setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við 7. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga og skilyrði sem Persónuvernd kann að setja. Reglurnar skulu bornar undir PFS til samþykktar eigi síðar en 1. október 2011. Þá skal Nova eyða öllum gögnum um fjarskiptaumferð sem safnað hefur verið um símtöl úr þjónustuveri Símans í símanúmer í farsímaneti Nova.

Að svo stöddu telur PFS ekki ástæðu til að framkvæma eða láta framkvæma fyrir sig úttekt á samskiptum heildsölu og smásölu eða annarra skipulagseininga innan Nova í kjölfar þessarar ákvörðunar. Kemur þar bæði til að ekkert er fram komið í máli þessu sem bendir til að samskipti skipulagseininga innan Nova valdi vandamálum að þessu leyti og að hvorki PFS né SE hafa lagt kvaðir á Nova um bókhaldslegan, fjárhagslegan eða skipulagslegan aðskilnað.

3.5 Samandregin niðurstaða

Samkvæmt öllu ofangreindu hefur Nova brotið gegn 26. gr. fjarskiptalaga, 3. mgr. 9. gr. viðmiðunartilboðs Símans um samtengingu talsímaneta frá 1. júní 2009, sem gildir sem samtengisamningur milli Símans og Nova, og jafnræðiskvöð þeirri sem lögð var á félagið með ákvörðun PFS nr. 18/2010, með því að hagnýta sér fjarskiptaumferðarupplýsingar sem varða heildsölusamskipti fjarskipta fyrirtækja í öðrum tilgangi en þar er til ætlast. Nova safnaði saman upplýsingum um fjölda símtala úr þjónustuveri Símans í viðskiptavini Nova á hálfis árs tímabili og afhendi Samkeppniseftirlitinu (SE) sem innlegg í rannsókn stofnunarinnar á meintu broti Símans á samkeppnislögum. Nova hafði öðlast umræddar upplýsingar í tengslum við framkvæmd samtengisamnings félaganna. Nova var óheimilt að vinna og nýta ofangreindar upplýsingar í umræddum tilgangi þar sem tilgangurinn með veitingu þeirra var aðeins sá að gera samtengingu á heildsölustigi mögulega, ásamt eftirfarandi greiðsluuppgjöri. Því var Nova óheimilt að vinna og veita SE aðgang að umræddum upplýsingum.

Nova skal setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði 7. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga og skilyrði sem Persónuvernd kann að setja. Reglurnar skulu bornar undir PFS til samþykktar eigi síðar en 1. október 2011. Þá skal Nova eyða öllum gögnum um fjarskiptaumferð sem safnað hefur verið um símtöl úr þjónustuveri Símans í símanúmer í farsímaneti Nova.

Ákvörðunarorð

Nova ehf. hefur brotið gegn 26. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003, 3. mgr. 9. gr. viðmiðunartilboðs Símans um samtengingu talsímaneta frá 1. júní 2009 sem gildir sem samtengisamningur milli Símans og Nova og jafnræðiskvöð þeirri sem lögð var á Nova með ákvörðun PFS nr. 18/2010, með því að nota fjarskiptaumferðarupplýsingar sem varða heildsölusamskipti félaganna í öðrum tilgangi en þar er kveðið á um.

Nova skal setja sér verklagsreglur um meðferð persónuupplýsinga og eyðingu gagna í samræmi við ákvæði 7. mgr. 42. gr. fjarskiptalaga og skilyrði sem Persónuvernd kann að setja. Reglurnar skulu bornar undir PFS til samþykktar eigi síðar en 1. október 2011.

Nova skal eyða öllum gögnum um fjarskiptaumferð sem safnað hefur verið um símtöl úr þjónustuveri Símans í símanúmer í farsímaneti Nova.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 4. júlí 2011

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson